

Orðmyndun IV

Viðskeyti sem mynda nafnorð

Af nafnorðum	Af sögnum	Af lýsingarorðum
- <i>dómur</i> (kk.) guð-dómur	- <i>dómur</i> (kk.) lær-dómur	- <i>dómur</i> (kk.) sjúk-dómur
- <i>háttur</i> (kk.) aula-háttur heiguls-háttur	- <i>andi</i> (kk.) nem-andi þýð-andi greið-andi	- <i>heit</i> (hk.ft.) leiðinleg-heit þægileg-heit
- <i>i</i> (hk.) miðnætt-i háhýs-i lágland-i	- <i>ari</i> (kk.) kenn-ari mál-ari bak-ari	- <i>leiki/-leikur</i> (kk.) sann-leikur ljót-leiki einmana-leiki
- <i>ingur</i> (kk.) Íslend-ingur KR-ingur	- <i>ing</i> (kvk.) rign-ing grein-ing merk-ing	- <i>i (-ni)</i> (kvk.) feimn-i fyndn-i heppn-i gleð-i let-i virk-ni
- <i>ó</i> stræt-ó (kk.) mennt-ó (kk.) tyggj-ó (hk.)	- <i>un</i> (kvk.) mennt-un hönn-un könn-un	
- <i>skapur</i> (kk.) félags-skapur		
- <i>gangur</i> (kk.) bjána-gangur		

-*andi* myndar gerandnafnorð af sögnum. Það hefur svipaða merkingu og -*ari* en er þó yfirleitt ekki starfsheiti (athuga þó *þýðandi*). Í fleirtölu breytist sérhljóð viðskeytisins úr *a í e*, *nem-andi*: *nem-endur*.

-*ari* er mjög virkt viðskeyti og myndar gerandnafnorð (oft starfsheiti) af sögnum, *mála*: *málari*, *kenna*: *kennari*. Í nokkrum tilvikum er viðskeytinu bætt við nafnorð: *söngur*: *söngvari*, *dómur*: *dómari*, *þorp*: *þorpari*.

-*dómur* myndar ýmiss konar nafnorð af nafnorðum, *guð*: *guð-dómur*, af lýsingarorðum, *sjúkur*: *sjúkdómur* og af sögnum, *læra*: *lærdómur*.

- i krefst i-hljóðvarps og langoftast er um samsett orð að ræða þar sem fyrri liðurinn er lýsingarorð eða nafnorð: *grænn + matur: grænmeti, hár + dagur: hádegi, atvinnulaus: atvinnuleysi*.
- ing myndar verknaðarnafnorð, aðallega af veikum sögnum sem fá -i í 1.p. et. nt.: *kynna: kynning, sýna: sýning, svæfa: svæfing*. Þau eru alltaf kvenkyns.
- ingur tengist oft staðarnöfnum: *Reykvíkingur, Íslendingur*. Sjá umfjöllun um lýsingarorðsviðskeytið -sk- í skjalinu Orðmyndun II.
- i (-ni) Kvenkynsorðaviðskeytinu -i er skeytt við lýsingarorð: *gláður: gleði, latur: leti*. Þessu viðskeyti var mjög oft skeytt við lýsingarorð sem enduðu á -inn: *forvitinn: forvitni, glettinn: glettni, hlýðinn: hlýðni*. Fólk byrjaði því að túlka *n* sem hluta viðskeytisins og til varð nýtt afbrigði, -ni, sem sjá má í orðum eins og *virgni* (af *virkur*) og *blindni* (af *blindur*).
- ó er notað til styttingar, bæði á nafnorðum og lýsingarorðum: *strætó: strætisvagn, menntó: menntaskóli, púkó: púkalegur, sveitó: sveitalegur*.
- un krefst u-hljóðvarps og myndar verknaðarnafnorð af veikum sögnum (einkum sögnum sem fá -aði í þátíð): *móðga: móðgun, trúlofast: trúlofun, kannna: könnun*. Í fleirtölu breytist sérhljóð viðskeytisins úr *u* í *a*: *könnun: kannanir*.

Viðskeytin *-háttur, -heit, -leiki/-leikur, -gangur og -skapur* mynda öll nafnorð sem tákna eðli, eiginleika eða hegðun. Af nafnorðum: *hugsun: hugsunarháttur, kjáni: kjánaskapur, vitleysa: vitleysisgangur*. Af lýsingarorðum: *ljótur: ljótleiki, skemmtilegur: skemmtilegheit*.

Verkefni

1. Myndið verknaðarnafnorð af eftirtöldum sögnum með viðskeytunum *-un* eða *-ing* eftir því sem við á.

afsaka, áminna, blessa, byggja, bylta, byrja, eyða, finna til, gifta, hanna, hlusta, hreyfa, kalla, kannna, kvarta, kynna, kenna, lækna, menga, mennta, merkja, neita, panta, passa, rigna, rita, senda, sigla, skemmta, skipa, skoða, sýna, viðra, þekkja, þróa, þurrka, þýða, æfa.

2. Myndið gerandnafnorð af eftirtöldum sögnum með viðskeytunum *-ari* eða *-andi* eftir því sem við á.

baka, byrja, eiga, hlusta, kafa, kaupa, keppa, kjósa, ljósmynda, mála, njósna, nota, prenta, raka, rita, senda, skrifa, stofna, taka þátt, þýða.

Tvö óvirk nafnorðsviðskeyti

Hér á eftir eru tvö viðskeyti, *-ð (-d/-t)* og *-sla*, sem voru notuð til þess að mynda nafnorð en eru að mestu óvirk í nútímamáli.

1. Tannhljóðsviðskeytið *-ð (-d/-t)* myndaði huglæg kvenkynsnafnorð af lýsingarorðum: *einn: eind, fátækur: fátækt, fár: fæð*.

Verkefni

a. Finnið lýsingarorðin sem liggja eftirfarandi orðum til grundvallar:

(g)nægð _____	kyrrð _____	lægð _____
mergð _____	mýkt _____	nálægð _____
slægð _____	smæð _____	vinsemd _____
vinsældir _____	vídd _____	þyngd _____

b. Ljúkið við töfluna:

Lýsingarorð	Nafnorð	Lýsingarorð	Nafnorð
stór	stærð	_____	dýpt
hár	_____	_____	lengd
breiður	_____	_____	sídd
fagur	_____	_____	eymd
þykkur	_____	_____	vægð

2. Viðskeytið *-sla* myndaði nafnorð af sagnorðum: *eyða: eyðsla, fræða: fræðsla, geyma: geymsla*.

Verkefni

Finnið sagnorðin sem liggja eftirfarandi orðum til grundvallar:

greiðsla _____	gæsla _____	hræðsla _____
kennsla _____	neysla _____	reynsla _____
varðveisla _____	veisla _____	vinnsla _____
yfirheyrsla _____	færsla _____	keyrsla _____